

kröfu, sem hefir verið áfrýjað. Þá hefir eigi heldur verið framlagt eftirrit af skiftafundargjörð þeirri í búinu, sem skiftaráðandinn getur um í bréfi 5. febr. f. á. að fram hafi farið 27. apríl 1903, en um þennan fund getur skiftaráðandi þess, að þá hafi enginn mætt fyrir hönd kirkjunnar og prestakallsins, og »engum mótmælum hafi verið hreyft«. Áfrýjandi hefir þannig eigi lagt fram fyrir yfirdóminn lögmeta skiftaréttargjörð eins og fyrirskipað er með N. L. 1.—6.—10., sbr. 1.—5.—13., en stefndi hefir eigi mætt hér fyrir réttinum, þótt löglega sé stefndur, og verður því ex officio að vísa málinu frá yfirdómi, og verður málskostnaður að falla niður; hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda verða eigi dæmd málssóknarlaun, en það vottast, að málsfærslan af hans hendi hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi: Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 13. febrúarmánaðar.

Nr. 23/1904:

Þorlákur Halldórsson  
gegn  
bæjarstjórn Reykjavíkur.

D ó m u r:

Í máli þessu hefir áfrýjandinn með stefnu, dags. 22. sept. f. á., skotið til yfirdómsins dómi gegnum á

bæjarþingi Reykjavíkur 28. júlí f. á., en með honum er áfrýjandinn dæmdur til að greiða bæjarstjórn Reykjavíkur tillag til vegalagningar, 18 kr. 75 a., og 30 kr. í málskostnað, og hefir hann krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður í máli þessu og honum tildæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati réttarins.

Máli þessu er svo varið, að á fundi sínum 20. febr. 1902 ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt heimild í 20. gr. í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 4. des. 1888, að allir þeir, sem lóð eiga að nýjum götum, skyldu taka þátt í kostnaði við lagningu veganna, eins þeir sem þegar hefðu fengið lóðir útvísaðar við fyrirhugaða vegi eða vegalengingar, og í framhaldi af þessari ályktun var á bæjarstjórnarfundum 16. okt. 1902 hlutdeild lóðareigendanna við Hverfisgötu í kostnaði við lagningu götunnar ákveðin 75 a. á hverja alin í lengd lóðarinnar meðfram götunni, en í nefndri grein samþykktarinnar er ákveðið, að ef leggja skuli veg frá upphafi þar, sem eigi hefir áður verið, þá ráði bæjarstjórn, hvort og að hve miklu leyti þeir skuli taka þátt í kostnaðinum, sem lóð eiga þar að, og hvernig þeir skuli greiða þann kostnað, sem á þá leggist, hvort heldur með peningum eða vinnu.

Hinn 9. febr. 1901 var áfrýjandanum útvísuð lóð og hússtaði við Hverfisgötu, 25 álnir á lengd meðfram götunni, og samkvæmt áðurgreindri ákvörðun bæjarstjórnarinnar hefir áfrýjandi verið krafinn um 18 kr. 75 a. gjald til vegarins. Þetta gjald hefir áfrýjandinn neitað að greiða, og byggir hann sýknunarkröfu sína aðallega á því, að framangreint ákvæði samþykktarinnar fari út yfir þau takmörk, er sett eru fyrir innihaldi

slíkra samþykta í 31. gr. tilsk. 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í Reykjavík, og geti því ekkert gildi haft.

Það er nú in confesso milli málsaðila, að þegar áfryg-andanum var útvísuð lóð hans við Hverfisgötu, þá hafi honum við útmælingargjörðina engin skilyrði verið sett um það, að taka þátt í kostnaði við lagningu á hinni fyrirhuguðu götu fram með lóð hans, og sömuleiðis er það upplýst í málinu, að þessu ákvæði um blutdeild lóðareigenda í kostnaði við lagningu vega hafi ekki verið beitt fyr en eftir fundarályktun bæjarstjórnarinnar 20. febr. 1902.

Unrætt ákvæði í 20. gr. bæjarsamþykta­rinnar um skyldu lóðareigenda að taka þátt í kostnaði við vegalagningu meðfram lóðum þeirra, er upphaflega sett í bæjarsamþyktna 9. okt. 1872, 20. gr., og þaðan tekið upp í hinar síðari samþyktnir 4. des. 1888 og 1. ág. 1902, og veltur mál þetta á því, hvort nægileg lagaheimild hafi verið til að setja þetta ákvæði í samþyktna. En þetta verður eigi álitid. Í tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apr. 1872 er hvorki í 31. gr. né annarsstaðar heimilað að leggja á bæjarbúa sérstakt gjald til vegalagninga, og í lögum um bæjargjöld í Reykjavík­urkaupstað 19. okt. 1877, þar sem talið eru upp til hlítar gjöld þau, er taka má til bæjarþarfa hjá bæjarbúum, er svo langt frá því, að gjört sé ráð fyrir sérstök­um skatti til vegagjörða, að slíkur skattur kæmi einmitt beint í bága við ákvæði þeirra laga um notkun þeirra álögustofna, er þar eru nefndir og eiga að bera allar þarfir kaupstaðarins, að svo miklu leyti sérstakar tekjur hans (eignartekjur, gjafir, sektir o. þessh.) eigi hrökkva til.

Oftnefnt ákvæði bæjarmálasamþykta­rinnar verður því að álítast hafa farið út fyrir þau takmörk, er tilskipunin 20. apr. 1872 til tekur, og þar sem það hefir ekki verið áskilið við útmælingu lóðarinnar, að áfryjandi skuli taka þátt í kostnaði við lagningu á Hverfisgötu, og það ekki er sannað að hann á annan hátt hafi skuldbundið sig í þessa átt, þá ber að sýkna hann af kröfum bæjarstjórnarinnar.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber stefnda að greiða áfryjandanum málskostnað fyrir undir- og yfir­dómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandinn Þorlákur Halldórsson á að vera sýkn af kær­um og kröfum hinnar stefndu bæjarstjórnar Reykjavíkur. Hin stefnda bæjarstjórn greiði hon­um 30 kr. í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög­birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 24/1904:

Sigurður Jónsson  
geg  
bæjarstjórn Reykjavíkur.

D ó m u r:

Í máli þessu hefir áfryjandinn með stefnu, dags. 22. sept. f. á., skotið til yfirdómsins dómi gengnum á